

Arwa Alfadhli

Skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð, Strandabyggð, Reykhólahreppi,  
Kaldrananeshreppi og Árneshreppi  
skipulag@dalir.is

Garðabær, 15.11.2022  
Málsnúmer: 202211-0017  
IAS/RT

**Efni: Umsögn vegna umhverfisáhrifa fyrirhugaðra framkvæmda í landi Nauteyrar í Strandabyggð.**

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Strandabyggðar, dags. 3. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Fyrirhugað er að bora tvær nýjar vinnsluholur og tvær rannsóknaholur við Nauteyri vegna stækkunar á fiskeldi Háafells ehf.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér gögnin og kemur með eftirfarandi athugasemdir.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki innan náttúruverndarsvæða en bent skal á að Ísafjarðardjúp er á tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands sem verndarsvæði fyrir landsel og handan Ísafjarðar er Reykjanes sem er skráð á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar.

Samkvæmt Aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 er vatnsverndarsvæði við Hafnardalsá og mun fyrirhugaður vegur að rannsóknaholu 2 liggja í gegnum það.

Naðurtunga, sem er æðplöntutegund á valista sem tegund í nokkurri hættu og friðuð, finnst á nokkrum stöðum á syðra laugasvæði þar sem fyrirhugað er að bora rannsóknaholu 1. Þar stendur til að nota borplan sem var lagt vegna eldri borhola en ef farið verður út fyrir það er mikilvægt að framkvæmdir verði ekki á svæðum þar sem naðurtungur er að finna.

Vinnsluhola A er við deiglendi eða mýrlendi og þar rétt fyrir austan virðast vera gamlar mógrafir. Vinnsluhola B er við kjarlendi og þar er mýrlendisrönd. Leggja þarf veg að vinnsluholu B og gera þarf borplön við báðar holurnar. Æskilegt er að bæði borplönin og vegurinn að vinnsluholu B verði lögð þannig að rask á gróðri verði sem minnst.

Talsvert rask verður þar sem leggja þarf veg eftir ógreinilegum vegslóða meðfram Hafnardalsá að rannsóknaholu 2 og þar verður einnig borplan. Vegslóðinn mun liggja í gegnum kjarlendi og mólendisvistgerðir og smá starungsmýrabletti. Bæði kjarrskógavist og starungsmýravist eru vistgerðir með hátt verndargildi. Jarðhiti er þarna á yfirborði, bæði niður við Hafnardalsá og í mýri þar fyrir sunnan og er ekki æskilegt að henni verði raskað. Vatnsverndarsvæði er við Hafnardalsá á veglínunni að rannsóknaholu 2. Við Hafnardalsá er þekkt fálkaoðal og ef það er í ábúð skal haft samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun.

Engin gögn um jarðhitakerfið fylgdu með umsagnarbeiðninni og því er ekki hægt að meta hvort fyrirhuguð nýting komi til með að hafa áhrif á kerfið.

Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda við Hafnardalsá munu hafa töluverð neikvæð áhrif á nánasta umhverfi en líklegt er að borun vinnsluhola og rannsóknaholu 1 muni hafa óveruleg áhrif á nánasta umhverfi.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,

jarðfræðingur

